

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Jóns Bjarnasonar, formanns sóknarnefndar Kálfatjarnarsóknar, um niðurfellingu á staðfestri skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Kortssonar.

Af því tilefni tekur ráðuneytið fram að það getur fallist á að skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Kortssonar, sem staðfest var og birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 208. 22. október 1952 verði felld niður, enda verði fjármunir sjóðsins látnir renna í orgelsjóð Kálfatjarnarkirkju, þar sem talið verður að sú ráðstöfun samrýmist ákvæðum 3. gr. skipulagsskrárinnar.

27. desember 1983

Nr. 795

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19 og skal fjárhæð þess ákveðin með sérstakri reglugerð.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum sem nota má á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 0,45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	24 655	3000—3199	33 108
2000—2199	26 062	3200—3399	34 516
2200—2399	27 474	3400—3599	35 927
2400—2599	28 950	3600—3799	37 335
2600—2799	30 289	3800—3999	38 746
2800—2999	31 697		

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	32 051	3000—3199	43 040
2000—2199	33 881	3200—3399	44 871
2200—2399	35 715	3400—3599	46 706
2400—2599	37 635	3600—3799	48 535
2600—2799	39 376	3800—3999	50 370
2800—2999	41 207		